# **Ársskýrsla** 2006

**TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN hf.**


Tómhentur stendur
ótryggður maður
· ef óhapp hendir ·
TRYGGINGA
MIÐSTÖÐIN
Trygginga-
miðstöðin h/f

# Efnisyfirlit


| | |
|---|---|
| Ávarp stjórnarformanns | 5 |
| Skýrsla forstjóra | 7 |
| Fjárhagsleg niðurstaða | 8 |
| Breytt skipulag | 11 |
| Sölu- og markaðsmál | 13 |
| Fjárfestingar | 17 |
| Tjón- og tjónaþjónusta | 19 |
| Summary of Financial Results | 20 |
| Ársreikningur TM | 23 |


Veggspjald frá fyrsta starfsári Tryggingamiðstöðvarinnar












# 1956–1966 | STIKLAÐ Á STÓRU Í SÖGU **TM**

Tryggingamiðstöðin var stofnuð 7. desember, 1956
að tilhlutan aðila innan Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna

Gísli Ólafsson var fyrsti forstjóri Tryggingamiðstöðvarinnar

Merki TM og auglýsingar hafa tekið miklum breytingum í tímans rás

# Ávarp stjórnarformanns



Tryggingamiðstöðin fagnaði fimmtugsafmæli í lok síðasta árs. Félagið var stofnað hinn 7. desember 1956 af aðilum tengdum sjávarútvegi. Fyrst í stað var lögð áhersla á að tryggja skip, frystihús og afurðir. Skrifstofur voru á hluta fimmtu hæðar framhúss Aðalstrætis 6 og leigðar af Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna.

## Stöðug þróun

Hægt og rólega óx TM fiskur um hrygg og þróaðist í þá átt að veita alhliða vátrygginga-þjónustu, víðtæka fjármögnunarþjónustu auk þess að stunda öfluga fjárfestingarstarfsemi. Mikil festa hefur einkennt rekstur TM frá upphafi. Til marks um það hafa höfuðstöðvarnar alla tíð verið á sama stað. Þótt festa sé mikilvæg í rekstri tryggingafélags nægir hún ekki ein og sér til þess að reksturinn dafni. Stöðug endurskoðun og þróun starfseminnar skiptir ekki síður máli. Þetta má sjá ef litið er nánar á TM.

Fyrirtækið sem byrjaði á hluta fimmtu hæðar við Aðalstræti 6 rekur nú starfsemi á mörgum hæðum í Aðalstræti 6-8 og er með skrifstofur víðar á Íslandi. Með kaupum á norska trygginga-félaginu Nemi er hluti rekstrarins í öflugu dótturfélagi í Noregi. Þá tekur TM þátt í margvíslegu vátryggingasamstarfi við erlend tryggingafélög og fjárfestir í innlendum og erlendum félögum.

Í stefnu og markmiðum TM er lögð áhersla á að velgengni félagsins er ekki síst komin undir því að eiga á góðum starfsmönnum að skipa. Bent er á að þeir geta átt þátt í að ná markmiðum fyrirtækisins með því að hafa einfaldleika, sanngirni og heiðarleika að leiðarljósi.

Árangur undanfarinna ára staðfestir að þessi gildi hafa verið höfð í heiðri. Bókfærð iðgjöld jukust á síðasta ári, boðið var upp á ferskar nýjungar í tryggingum og fest voru, sem fyrr segir, kaup á norska tryggingafélaginu Nemi svo nokkuð sé nefnt.

## Ánægðir viðskiptavinir

TM hefur oftar en einu sinni verið það íslenska tryggingafélag sem hefur haft ánægðustu viðskiptavinina. Það sýnir einnig svo ekki verður um villst að við stöndum við þau orð að sýna sanngirni og heiðarleika í samskiptum við þá sem við þjónum.

*Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson*











# 1967–1976 | STIKLAÐ Á STÓRU Í SÖGU **TM**

Fyrsta tölvan var tekin í notkun árið 1974

Líftryggingamiðstöðin var stofnuð árið 1971

Glaðbeitt starfsfólk á 20 ára afmæli TM árið 1976

Hippatíminn setti stóran svip á sigursælt fótboltalið TM árið 1975

Tryggingamiðstöðin hóf sölu bifreiðatrygginga árið 1967

# Skýrsla forstjóra



Starfsemi TM einkenndist af miklum vexti árið 2006, bæði hvað varðar rekstur og efnahag. Efnahagur félagsins rúmlega tvöfaldaðist á árinu. Gengið var að fullu frá kaupum á norska tryggingafélaginu Nemi í septembermánuði og er það nú að fullu í eigu TM. Í þeim tilgangi var eigið fé TM aukið um sex milljarða króna á fjórða ársfjórðungi með útgáfu nýs hlutafjár.

Vátryggingastarfsemin er nú orðin tvíþætt. Annars vegar er um að ræða vátryggingastarfsemi móðurfélags, hins vegar vátryggingastarfsemi dótturfélagsins Nemi í Noregi. Nemi var gert upp með rekstri móðurfélags TM í fjóra mánuði 2006. Vaxtarhorfur í rekstri TM eru góðar. Í því sambandi er einkum horft til góðs samstarfs við Nemi auk þess sem TM hefur í auknum mæli tryggt erlenda aðila.

## Bætt afkoma vátryggingarekstrar

Á síðasta ári var markvisst unnið að því að bæta afkomu vátryggingarekstrar. Aðgerðir sem gripið var til skiluðu sér þegar að hluta á árinu. Má þar nefna aukið forvarnarstarf og hækkun iðgjalda. Rétt er þó að taka fram að tjónakostnaður er háður miklum sveiflum og getur haft afgerandi áhrif á afkomu vátryggingastarfseminnar.

Með kaupum á Nemi hefur orðið frekari dreifing á iðgjöldum eftir vátryggingagreinum. Iðgjöld vegna trygginga ökutækja námu til að mynda rúmlega 40% árið 2005 en námu á ársgrundvelli á síðasta ári um 20%.

## Minni áhætta

Eignasafn félagsins er nú einnig mun dreifðara en verið hefur. Þetta skilar sér í minni áhættu í fjárfestingum sem er eðlilegt með tilliti til rekstrar félagsins. Árið 2006 einkenndist af miklum sveiflum á íslenska hlutabréfamarkaðnum. Fyrrnefnt skref er því mikilvægt og skilar sér í því að þriðjungur af gangvirðisbreytingum ársins 2006 er vegna gengishækkunar í skráðum félögum erlendis. Með hliðsjón af þessu er stefnt að því að fleiri skref í þessa átt verði stigin árið 2007.

Í lok ársins 2006 var þess minnst með eftirminnilegum hætti að 50 ár voru liðin frá stofnun TM. Það er spennandi verkefni að stýra svo gamalgrónu en þó síungu fyrirtæki áfram bæði á innlendum og alþjóðlegum siglingaleiðum.

*Óskar Magnússon*

# Fjárhagsleg niðurstaða

Norska vátryggingafélagið Nemi er hluti af samstæðu TM frá 1. september 2006 og hefur áhrif á samanburð rekstrar og efnahags TM á milli ára. Hagnaður TM eftir skatta 2006 var 696 m.kr. en var 7.199 m. kr. á árinu 2005 sem jafnframt var besta ár í sögu félagsins.

Bókfærð iðgjöld af vátryggingastarfsemi á Íslandi jukust um 21% frá árinu 2005 og námu 7.282 m.kr. Til samanburðar hækkuðu bókfærð iðgjöld um 2,2% á milli áranna 2004 og 2005 eftir samdrátt árin á undan. Heildarvöxtur í bókfærðum iðgjöldum nam 61% á milli 2005 og 2006 og voru þau 9.682 m.kr. Eigin iðgjöld félagsins hækkuðu einnig umtalsvert eða úr 4.890 m.kr. 2005 í 6.652 m.kr. árið 2006.

Um 400 m.kr. rekstrarbati varð af vátryggingastarfsemi móðurfélags TM. 48 m.kr. tap varð þó af þessari starfsemi. Rekstrartap af vátryggingarstarfsemi samstæðunnar, þ.m.t. Nemi á síðasta ársfjórðungi ársins, var samtals 358 m.kr. Tjónaþróun tveggja vátryggingagreina á Íslandi er áhyggjuefni. Frjálsar ökutækjatryggingar voru reknar með miklu tapi og var gripið til ráðstafana til að snúa þeirri þróun við undir lok ársins.

Lykiltölur úr rekstri Tryggingamiðstöðvarinnar hf.

| Í þús. kr. | 2006 | 2005 |
|---|---|---|
| Eigin iðgjöld | 6.651.801 | 4.890.446 |
| Fjárfestingatekjur | 4.807.727 | 7.706.947 |
| **Hreinar tekjur** | **11.459.528** | **12.597.393** |
| Eigin tjónakostnaður | (6.376.275) | (4.811.583) |
| Annar rekstrarkostnaður | (2.263.609) | (1.727.174) |
| **Kostnaður alls** | **(8.639.884)** | **(6.538.757)** |
| **Rekstrarhagnaður** | **2.819.643** | **6.058.635** |
| Fjármagnsgjöld | (786.809) | (4.437) |
| Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfél. | (1.253.831) | 2.678.819 |
| **Hagnaður fyrir skatta** | **779.003** | **8.733.018** |
| **Tekjuskattur** | **(82.906)** | **(1.534.448)** |
| **Hagnaður ársins** | **696.098** | **7.198.569** |
| Skiptist á: | | |
| Hluthafa móðurfélags | **687.337** | **7.200.343** |
| Hlutdeild minnihluta | **8.761** | **(1.774)** |
| | **696.098** | **7.198.569** |

Áframhaldandi tap er af slysatryggingum sjómanna og var gripið til tvíþættra ráðstafana vegna þessa árið 2006. Annars vegar var forvarnarstarfsemi efld. Þá voru iðgjöld einnig hækkuð.

## Lykiltölur úr efnahagsreikningi

Ársreikningur samstæðu TM er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið samþykktir af EB.

Lykiltölur úr efnahagsreikningi

| Í þús. kr. | 31. 12. 2006 | 31. 12. 2005 | Br. |
|---|---|---|---|
| Eignir samtals | 69.379.324 | 30.777.470 | 125,4% |
| Eigið fé hluthafa móðurfélags | 21.820.831 | 15.948.065 | 36,8% |
| Hlutdeild minnihluta | 151.549 | 142.789 | 6,1% |
| Skuldir samtals | 47.406.944 | 14.686.616 | 222,8% |

## Afkoma starfsþátta

| **Í þús. kr.** | **Skaðatr.rekstur** | | **Líftryggingarekstur** | | **Fjármálarekstur** | | **Samstæða** | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2006 | 2005 | 2006 | 2005 | 2006 | 2005 | 2006 | 2005 |
| Eigin iðgjöld | 6.552.369 | 4.846.164 | 99.432 | 44.282 | | | 6.651.801 | 4.890.446 |
| Fjárfestingatekjur | 1.191.205 | 892.089 | 4.704 | 2.903 | 3.611.817 | 6.811.955 | 4.807.727 | 7.706.946 |
| **Hreinar tekjur** | **7.743.574** | **5.738.253** | **104.136** | **47.185** | **3.611.817** | **6.811.955** | **11.459.528** | **12.597.393** |
| Eigin tjónakostnaður | 6.346.109 | (4.798.157) | (30.167) | (13.426) | | | (6.376.275) | (4.811.583) |
| Annar kostnaður | (1.752.002) | (1.408.535) | (77.658) | (46.448) | (433.949) | (272.191) | (2.263.608) | (1.727.174) |
| **Kostnaður alls** | **(8.098.111)** | **(6.206.692)** | **(107.825)** | **(59.874)** | **(433.949)** | **(272.191)** | **(8.639.884)** | **(6.538.757)** |
| **Rekstrarhagnaður (-tap)** | **(354.537)** | **(468.439)** | **(3.689)** | **(12.689)** | **3.177.868** | **6.539.764** | **2.819.643** | **6.058.635** |
| Fjármagnsgjöld | | | | | (786.809) | (4.437) | (786.809) | (4.437) |
| Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga | | | | | (1.253.831) | 2.678.819 | (1.253.832) | 2.678.819 |
| **Hagnaður (tap) fyrir skatta** | **(354.537)** | **(468.439)** | **(3.689)** | **(12.689)** | **1.137.228** | **9.214.146** | **779.003** | **8.733.017** |
| Tekjuskattur | | | | | | | (82.906) | (1.534.448) |
| **Hagnaður ársins** | | | | | | | **696.098** | **7.198.569** |
| **Skiptist á:** | | | | | | | | |
| Hluthafa móðurfélags | | | | | | | 687.337 | 7.200.343 |
| Hlutdeild minnihluta | | | | | | | 8.761 | (1.774) |
| | | | | | | | 696.098 | 7.198.569 |

## Afkoma

Hagnaður ársins nam sem fyrr segir 696 m.kr. en var 7.199 m.kr. árið 2005. Rekstrarhagnaður ársins fyrir fjármagnsgjöld og hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga var 2.820 m.kr. en var 6.059 m. kr. árið 2005. Hagnaður á hvern hlut árið 2006 nam 0,75 kr. samanborið við 7,89 kr. á árinu 2005.

Bókfærð tjón TM árið 2006 námu 7.674 m.kr. samanborið við 5.697 m.kr. árið 2005 og hækka því um 35%. Án Nemi er lækkun á bókfærðum tjónum 8,5%. Eigin tjón TM á árinu 2006 námu 6.376 m.kr. samanborið við 4.812 m.kr. árið áður og jukust því um 33%. Án Nemi er hækkunin 16%. Engin stór tjón urðu hjá TM á Íslandi en hjá Nemi urðu tvö skipatjón á fjórða ársfjórðungi. Helsta skýring á auknum tjónakostnaði á Íslandi á árinu er fyrrnefnd aukning tjónatíðni í öktækjatryggingum og sjómannatrygginum, fjölgun viðskiptavina og verðbólga sem nemur 6,9% en var 4,4% árið 2005.

Rekstrarkostnaður TM árið 2006 nam 2.264 m.kr. samanborið við 1.727 m.kr. á árinu 2005. Um 20 milljóna NOK einskiptiskostnaður er færður hjá Nemi. Án Nemi er hækkun á rekstrarkostnaði félagsins tæp 7% miðað við árið á undan. Hlutdeild TM í afkomu hlutdeildarfélaga á árinu 2006 var neikvæð um 1.254 m.kr. samanborið við 2.679 m. kr. jákvæða niðurstöðu árið 2005. Þetta skýrist fyrst og fremst af tapi vegna ISP ehf. sem er frá ágústlokum 2006 í 100% eigu TM og telst því til dótturfélaga. Helstu eignir ISP eru í Icelandic Group og Avion Group. Fjármagnsgjöld námu 787 m.kr. á árinu 2006 samanborið við 4. m.kr. á árinu 2005. Skýrist það af breyttri fjármögnun félagsins en lántökur nema 11.978 m.kr. í árslok 2006 en voru engar í árslok 2005.

## Eignir

Heildareignir TM þann 31. desember 2006 voru 69.379 m.kr. Í árslok 2005 námu þær 30.777 m. kr. Eignir félagsins hafa því hækkað um 125% frá áramótum. Mikil breyting er á eignasamsetningu félagsins með tilkomu Nemi og ISP.

## Eigið fé og skuldir

Eigið fé TM í árslok 2006 var 21.972 m.kr. og hækkaði um 5.882 m.kr. frá áramótum. Skuldir félagsins námu 47.407 m.kr. 31. desember 2006 og hækkuðu þær um 32.720 m.kr. frá áramótum. Hækkunin skýrist helst af viðbótum vegna Nemi og ISP. Greiddur var arður að upphæð 1.809 m.kr. og nettó af keyptum og seldum eigin bréfum var að fjárhæð 777 m.kr. á árinu. Ennfremur var hlutafjárútboð þar sem eigið fé félagsins var aukið um 5.731 m.kr.

## Sjóðstreymi

Handbært fé frá rekstri var 7.018 m.kr. á árinu en árið 2005 var handbært fé til rekstrar 2.448 m.kr. Handbært fé hækkaði um 7.916 m.kr. frá áramótum og stendur í 8.702 m.kr. þann 31. desember 2006.

## Þróun rekstrar

Á blaðsíðu 9 má sjá afkomu einstakra starfsþátta og þróun þeirra milli áranna 2005 og 2006. Samstæðunni er skipt upp í þrjá rekstrarstarfsþætti: skaðatryggingarekstur, líftryggingarekstur og fjármálarekstur.

# Breytt skipulag

## Breyting varð á skipuriti TM á árinu. Samkvæmt því eru nú eins og áður tvö afkomusvið en stoðsvið eru fjögur og fjölgar um eitt.

Afkomusviðin eru vátrygginga- og fjármálaþjónusta og fjárfestingasvið. Stoðsviðin eru tjónaþjónusta, viðskiptaþróun, sem er nýtt svið, fjármálasvið og rekstrarsvið. Auk fyrrnefndra sviða heyrir innra eftirlit beint undir forstjóra.

Framkvæmdastjórar og forstjóri skipa framkvæmdastjórn félagsins.









# 1977–1986 | STIKLAÐ Á STÓRU Í SÖGU **TM**

Rafmagnsritvélar hurfu smátt og smátt af borðum starfsmanna

Tölvan hefur innreið sína í TM árið 1982

Starfsfólk á 25 ára afmæli TM árið 1981

# Sölu- og markaðsmál

Áfram var haldið á árinu 2006 í þá átt að efla þjónustu og auka vöruframboð félagsins enn frekar. Markaðsstarfið var í samræmi við þá leið sem hefur verið mörkuð í þeim efnum og grundvallað á hreinskilni, sanngirni í samskiptum við viðskiptavini og aukinni upplýsingagjöf til þeirra. Hafin var markviss vinna við að einfalda ferla í því skyni að auka skilvirkni og bæta þjónustu félagsins frekar.

## Sveigjanlegri þjónusta

Í anda þessarar stefnu skreið „tryggingafélagið" Elísabet á vaðið um miðjan janúar en hún býður bílatryggingar og bílalán. Sveigjanleiki Elísabetar er meiri en tíðkast hefur. Hjá henni er hægt að kaupa þjónustu til eins mánaðar í senn í stað eins árs eins og er almennt hjá tryggingafélögunum. Þá býðst viðskiptavinum einnig aukið val við töku trygginga. Þeir geta því hagað tryggingunum í samræmi við eigin þarfir og áhættu. Elísabet fékk góðar viðtökur og á hún sinn þátt í hækkun bókfærðra iðgjalda sem varð á árinu.

Önnur nýjung sem TM kynnti á árinu var Heimatrygging TM. Tryggingin sameinar í raun heimilis- og fjölskyldutryggingu og er auk þess sérhæfðari en þær tryggingalausnir sem boðið hefur verið upp á til þessa. Sérhæfingin felst í því að hún er boðin í fjórum flokkum sem veita mismikla vernd. Með því er hægt að mæta breytilegum þörfum viðskiptavina eftir því hvar á lífsleiðinni þeir eru staddir – hvort þeir búa einir, eru að hefja búskap, eru með fjölskyldu eða börnin flutt að heiman.

Markviss sókn fór fram í sölu trygginga á sviði atvinnurekstrar árið 2006. Fjölgun varð í hópi viðskiptavina félagsins. Má þar nefna fyrirtæki eins og Toyota, Brim, B&L, Eykt, E.T, Osta- og smjörsöluna og Deloitte, svo einhver séu nefnd. Eru þau boðin velkomin í viðskipti ásamt öðrum sem ónefnd eru.

Öll íslensk tryggingafélög fundu á árinu fyrir auknum tjónaþunga. Ástæður fyrir meiri kostnaði við vátryggingar voru þær að bótaskyldum tjónum, óhöppum og slysum hefur bæði fjölgað og þau orðið dýrari. Svo dæmi sé tekið af bifreiðatryggingum er ástæðan meðal annars sú að landsmenn eiga nú fleiri, nýrri og dýrari bíla en áður. Hinn aukni tjónaþungi hefur fyrst og fremst komið fram í húftryggingum. TM þurfti tvívegis á árinu að grípa til verðbreytinga í þeirri von að geta snúið við neikvæðri þróun.

## Sótt út fyrir landsteinana

Tryggingamiðstöðin sótti út fyrir landsteinana á árinu í samræmi við stefnu og markmið félagsins sem eru að bjóða alhliða vátryggingaþjónustu og víðtæka fjármögnunarþjónustu bæði hérlendis og erlendis. Kaupin á norska tryggingafélaginu Nemi, sem varð hluti af samstæðu TM frá 1. september 2006, voru einmitt afrakstur af skoðun á verkefnum erlendis. Búast má við að þessi sameining eigi eftir að efla fyrirtækið mikið á næstu árum.

Á árinu gerði Tryggingamiðstöðin einnig samninga við norsku bátaábyrgðarfélögin Møretrygd og Tromstrygd um vátryggingasamstarf á sviði frum- og endurtrygginga. Samningarnir, sem voru nýmæli í íslenskum tryggingaviðskiptum, ná til vátrygginga vegna hátt í 2000 báta og skipa. Þeir eru samstarfsverkefni TM og Nemi og mörkuðu ákveðin tímamót sem fyrstu samningarnir sem þessi fyrirtæki komu að saman.

Kaupin á Nemi hafa gert félaginu mun auðveldara að bjóða fyrirtækjum á Norðurlöndunum þjónustu. TM gerði á árinu, einnig í samvinnu við Nemi, samning við sænsku vátryggingamiðlunina Provins. Samningurinn felst í því að Provins miðlar vátryggingum frá Svíþjóð og Norður-Evrópu til TM.

## Aukið þjónustustig og einföldun

Breytingar urðu á árinu á fyrirkomulagi sölustarfs á einstaklingssviði. Voru þær gerðar í samræmi við þá heildarstefnu að auka þjónustustig og gera vinnu einfaldari og skilvirkari. Framundan er svipuð vinna á atvinnurekstrarsviði. Endurskoðun fer nú fram á þjónustu útibúa TM um allt land og er vinnan komin vel áleiðis. Hún beinist ekki að því að fækka útibúum heldur að því að gera þjónustu þeirra skilvirkari.

Í aprílmánuði 2006, einu ári eftir innleiðingu nýs skipulags TM, var tilkynnt að viðskiptavinir félagsins væru þeir ánægðustu meðal tryggingafélaga. Þetta var niðurstaða skoðanakönnunar IMG gallup. Slík tíðindi eru alltaf ánægjuleg og eru sannarlega hvatning til starfsmanna að halda áfram á sömu braut.

Áfram var unnið í vef TM á árinu og er hann orðinn einn öflugasti þjónustuvefur á landinu. Má í því sambandi geta þess að vefurinn var tilnefndur til Íslensku vefverðlaunanna fyrir bestu útlits- og viðmótshönnunina. Þá var elisabet.is tilnefnd í flokknum besti þjónustuvefurinn. Tekið hefur verið upp nýtt tjónstilkynningareyðublað á vefnum og einnig netspjall. Bindur félagið miklar vonir við áframhaldandi þróun á vefnum.

## Sterkt á svellinu

Hátíðarhöld í tengslum við hálfrar aldar afmæli TM voru einstaklega vel heppnuð. Ákveðið var að opna skautasvell fyrir almenning á Ingólfstorgi fyrir framan höfuðstöðvar TM í Aðalstræti þar sem fyrirtækið hefur verið til húsa frá stofnun. Á TM svellinu og við það fór síðan fram fjölbreytileg dagskrá frá afmælisdeginum 7. desember og allt fram til desemberloka. Meðal þess sem nefna má var kennsla í íshokkí og curling, listdans á skautum, skautadansleikur og margs konar tónlist og uppákomur. TM svellið var lagt í góðri samvinnu við Reykjavíkurborg og með stuðningi Orkuveitunnar.

Almenningur í landinu tók þessu tilboði vel og síðari hluta desembermánaðar var mikið líf á TM svellinu. Nú nýverið fékk svo TM Lúðurinn, Íslensku auglýsingaverðlaunin 2006, fyrir skautasvellið.

## Hugskotsmæling IMG Gallup







# 1987–1996 | STIKLAÐ Á STÓRU Í SÖGU **TM**

Nýtt merki fyrir TM kom til sögunnar árið 1987

Gunnar Felixson tók stöðu forstjóra TM árið 1991

Afgreiðsla TM flytur á jarðhæð í Aðalstræti 8 árið 1992

# Fjárfestingar

Fjárfestingatekjur námu 4.808 m.kr. á árinu en voru 7.707 á árinu 2005. Munar þar mestu um að íslenski hlutabréfamarkaðurinn hækkaði um 15,83% á árinu 2006 en 64,7% á árinu 2005.

Á árinu seldi félagið eign sína í fjárfestingafélaginu Gretti fyrir 5 milljarða króna. Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga var neikvæð um 1.254 m. kr. á árinu 2006 en var jákvæð um 2.679 m.kr. árið áður. Tapið skýrist fyrst og fremst af tapi vegna ISP ehf. en aðaleign þess félags er í Icelandic Group hf. Bent var á í tengslum við uppgjör ársins 2005 að ekki væri gert ráð fyrir samsvarandi hagnaði af fjárfestingum félagsins árið 2006 og varð þá.

## Áhætta orðin dreifðari

Eignasafn félagsins er nú mun dreifðara en verið hefur og er það í samræmi við stefnu TM að dreifa áhættu. Árið 2005 réð gengisþróun í einu félagi stærstum hluta af gangvirðisbreytingum. Á árinu 2006 skýrir hins vegar gengi allmargra félaga stærstan hluta gangvirðisbreytinganna. Þar af er um þriðjungur vegna gengishækkunar í skráðum félögum erlendis.

31/12 2005




31/12 2006




## Fjáreignir á gangvirði, fært í rekstrarreikning

| Hlutabréf færð á gangvirði: | Eignarhl. | Bókf. verð |
|---|---|---|
| Icelandic Group hf. | 13,02% | 2.863.929 |
| Landsbanki Íslands hf. | 0,83% | 2.425.745 |
| Kaupþing banki hf. | 0,34% | 2.140.345 |
| Invik & Co AB | 4,45% | 1.847.881 |
| H.B. Grandi hf. | 5,42% | 1.157.047 |
| Bakkavör-Group hf. | 0,84% | 1.134.191 |
| Glitnir banki hf. | 0,32% | 1.069.306 |
| Storebrand ASA | 0,27% | 615.396 |
| Marel hf. | 1,13% | 320.393 |
| Actavis-Group hf. | 0,12% | 260.608 |
| Aðrar fjáreignir | | 915.034 |
| | | **14.749.875** |
| Hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum á Íslandi | | 932.078 |
| Hlutabréfasjóðir erlendis | | 2.999.048 |
| Skuldabréfasjóðir erlendis | | 4.150.361 |
| | | **22.831.361** |

## Þróun ICEX I5







VOTTUN Á VEF TRYGGINGAMIÐSTÖÐVARINNAR



ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN

2005

1. SÆTI

tryggingafélaga

TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN

í mælingu á ánægju

viðskiptavina

með 71,54 stig



# 1997–2006 | STIKLAÐ Á STÓRU Í SÖGU **TM**

Trygging var sameinuð Tryggingamiðstöðinni 1999

Gunnar Felixson lætur af störfum 2005 eftir 45 ára starf hjá félaginu

Vefur TM fékk árið 2005 vottun um aðgengi fatlaðra frá Sjá og Öryrkjabandalaginu

TM var valið vinsælasta tryggingafyrirtækið árið 2005

Óskar Magnússon var ráðinn þriðji forstjóri TM árið 2005

# Tjón- og tjónaþjónusta

## Hinar ýmsu greinar tryggingar þróuðust misjafnt árið 2006. Engin stór tjón urðu á árinu.

Tíðni bílatjóna jókst um 2% í það heila á árinu 2006. Það eru 7% umfram meðaltalstíðni þréttán ára þar á undan. Tíðni kaskótjóna óx um 14% umfram þetta sama meðaltal. Það er einkennandi fyrir kaskótryggingarnar að þar eykst tíðni tjóna mikið þegar vel árar í efnahagslífinu.

Sjótryggingar gengu prýðilega á síðasta ári. Þar var fjöldi tjóna svipaður og árið á undan en stærsta tjón ársins hjá TM var vegna brunans í Akureyrinni EA.

Veruleg fjölgun varð í farmtjónum vegna tjónaatvika. Skýringin á þessari aukningu eru nýir samningar sem TM hefur gert við Eimskip og Flytjanda sem veldur því að farmtryggingar eru meiri að vöxtum en verið hefur. Meira umfangi fylgja svo meiri tjón.

Í slysatryggingum sjómanna var fjöldi tjóna svipaður og árið áður. Ný launatrygging sjómanna kom hins vegar inn af miklum þunga með umtalsverðum fjölda tjóna.

Ástæða er til að vekja athygli á mjög mikilli aukningu í tjónaþunga ferðatrygginga eða 31% á milli áranna 2005 og 2006. Skýringin á þessari aukningu er að fólk ferðast meira og enn fremur hefur eðalkortum með víðtækara bótasviði fjölgað. TM hefur mikla hlutdeild í þessari grein.

TM sendi á árinu út þúsundir þjónustukorta til viðskiptavina sem leitað höfðu til félagsins vegna tjónaatvika. Kortin voru send út til að ganga úr skugga um hvort viðskiptavinirnir væru ánægðir með þá þjónustu sem fulltrúar TM veittu þeim og voru einn liður í innra eftirliti fyrirtækisins. Útsending kortanna var einnig í samræmi við þjónustustefnu fyrirtækisins en þar segir meðal annars: „Við stefnum að einu marki og óskir viðskiptavinarins varða leiðina þangað.“ Viðbrögðin við þjónustukortunum voru framar öllum vonum og fyrirtækinu barst mikið af tölvupóstum og símtölum þar sem flestir lýstu yfir mikilli ánægju með þjónustuna. Ábendingar í aðra veru eru litnar alvarlegum augum og eru nýttar til úrbóta.

# Summary of Financial Results

The Norwegian insurance company Nemi became part of the consolidation as of 1 September 2006; this makes affects comparison of Income Statement and Balance Sheet figures with those of the previous year. Profit for the year came to ISK 696 m, against ISK 7,199 m in 2005 which was the best year in the company's history.

Written insurance premium in Iceland rose by 21% as compared with the previous year to reach ISK 7,282 m in 2006. In comparison, written insurance increased by 2.2% between the years 2004 and 2005 after a recession in recent years. Including Nemi's premiums, the increase in written premiums for the consolidation came to 61%, these premiums totalling ISK 9,682 m in 2006. Net insurance premium revenues for 2006 rose considerably and came to ISK 6,652 m from the figure of ISK 4,890 m for 2005.

An ISK 400 m recovery was in the Group's insurance operation. However there still was an ISK 48 m. loss on the domestic insurance operation. Last quarter of 2006 the operational loss of the Group, including Nemi, was ISK 358. The trend in claims in two insurance classes in Iceland gives cause for concern. Non-mandatory motor insurance yielded a substantial loss, and measures were taken near the end of the year to counter this development. Seamen's accident insurance continued to produce losses, as a result of which a two-part strategy was adopted last year, consisting of a high-profile safety campaign and an increase in premiums.

## Key figures from the operations of Tryggingamidstodin hf.

| In ISK thousands | 2006 | 2005 |
|---|---|---|
| Net insurance premium revenue | 6,651,801 | 4,890,446 |
| Investment income | 4,807,727 | 7,706,947 |
| **Net income** | **11,459,528** | **12,597,393** |
| Net insurance claims | (6,376,275) | (4,811,583) |
| Other operating expenses | (2,263,609) | (1,727,174) |
| **Total expenses** | **(8,639,884)** | **(6,538,757)** |
| **Results of operating activities** | **2,819,643** | **6,058,635** |
| Finance costs | (786,809) | (4,437) |
| Share of profit of associates | (1,253,831) | 2,678,819 |
| **Profit before tax** | **779,003** | **8,733,018** |
| **Income tax expense** | **(82,906)** | **(1,534,448)** |
| **Profit for the year** | **696,098** | **7,198,569** |
| Attributable to: | | |
| Equity holders of the Company | **687,337** | **7,200,343** |
| Minority interest | **8,761** | **(1,774)** |
| | **696,098** | **7,198,569** |

## Key figures from the balance sheet

The consolidated financial statements of Tryggingamidstodin Group are prepared in accordance with International Financial Reporting Standards (IFRS) as adopted by the EU.

### Key figures from the balance sheet

| In ISK thousands | 31.12. 2006 | 31.12. 2005 | Change |
|---|---|---|---|
| Total assets | 69,379,324 | 30,777,470 | 125.4% |
| Total equity of the Company's holders | 21,820,831 | 15,948,065 | 36.8% |
| Minority interest | 151,549 | 142,789 | 6.1% |
| Total liabilities | 47,406,944 | 14,686,616 | 222.8% |

## Results of operational segments

| In ISK thousands | Non-life insurance | | Life insurance | | Financial Business | | Group | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2006 | 2005 | 2006 | 2005 | 2006 | 2005 | 2006 | 2005 |
| Net insurance premium revenue | 6,552,369 | 4,846,164 | 99,432 | 44,282 | | | 6,651,801 | 4,890,446 |
| Investment income | 1,191,205 | 892,089 | 4,704 | 2,903 | 3,611,817 | 6,811,955 | 4,807,727 | 7,706,946 |
| **Net income** | **7,743,574** | **5,738,253** | **104,136** | **47,185** | **3,611,817** | **6,811,955** | **11,459,528** | **12,597,393** |
| Net insurance claims | 6.346.109 | (4,798,157) | (30,167) | (13,426) | | | (6,376,275) | (4,811,583) |
| Other operating expenses | (1,752,002) | (1,408,535) | (77,658) | (46,448) | (433,949) | (272,191) | (2,263,608) | (1,727,174)) |
| **Expenses** | **(8,098,111)** | **(6,206,692)** | **(107,825)** | **(59,874)** | **(433,949)** | **(272,191)** | **(8,639,884)** | **(6,538,757))** |
| **Results of operating activities** | **(354,537)** | **(468,439)** | **(3,689)** | **(12,689)** | **3,177,868** | **6,539,764** | **2,819,643** | **6,058,635** |
| Finance costs | | | | | (786,809) | (4,437) | (786,809) | (4,437) |
| Share of profit (loss) of associates | | | | | (1,253,831) | 2,678,819 | (1,253,832) | 2,678,819 |
| **Profit (loss) before tax** | **(354,537)** | **(468,439)** | **(3,689)** | **(12,689)** | **1,137,228** | **9,214,146** | **779,003** | **8,733,017** |
| Income tax | | | | | | | (82,906) | (1,534,448) |
| **Profit for the year** | | | | | | | **696,098** | **7,198,569** |
| **Attributable to:** | | | | | | | | |
| Equity holders of the Company | | | | | | | 687,337 | 7,200,343 |
| Minority interest | | | | | | | 8,761 | (1,774) |
| | | | | | | | 696,098 | 7,198,569 |

## Income Statement

Profit for the year came, as previously stated, to ISK 696 m, against ISK 7,199 m in 2005. Operating profit for the period, before financial expenses and interest in subsidiaries, came to ISK 2,820 m, compared with ISK 6,059 m in 2005. Profit per share in 2006 came to ISK 0.75; in 2005 it was ISK 7.89.

Claims paid by TM in 2006 totalled ISK 7,674 m, compared with ISK 5,697 m in 2005, an increase of 35%. If Nemi is excluded, the increase in claims met comes to 8,5%. TM's net insurance claims for the year amounted to ISK 6,376 m, a 33% increase from the figure of ISK 4,812 m for the previous year. Excluding figures for Nemi, the increase is 16%. No major claims were filed with TM in Iceland, but Nemi received two claims for marine losses in Q4. The main explanations of the increase in claims expenses in Iceland last year are increased loss in non mandatory motor insurance and seamen´s accident insurances mentioned above, the rise in the number of customers as well as inflation, which was 6.9% last year, compared with 4.4% in 2005.

Operating expenses amounted to ISK 2,264 m in 2006, against ISK 1,727 m in 2005. A one-off expense item of about NOK 20 m was entered in Nemi's accounts. If figures for Nemi are excluded, the increase in the company's operating expenses came to just under 7% compared with the previous year. The company's share of profit in associates was negative by ISK 1,254 m; in 2005 it was positive by ISK 2,679 m. The main explanation of this was the loss on ISP, which since the end of August 2006 has been a wholly-owned subsidiary of TM. ISP's main holdings are in Icelandic Group and Avion Group. Capital expenses came to ISK 787 m in 2006, compared with ISK 4 m in 2005. This is accounted for by changes in the company's financing: borrowed funds came to ISK 11,978 m at the end of 2006, while it had no loans at the end of 2005.

## Assets

TM's total assets as of 31 December 2006 came to ISK 69, 379 m. The figure at the end of 2005 had been ISK 30,777 m; thus, assets had grown by 125% over the year. The inclusion of Nemi and ISP has resulted in major changes in the asset structure.

## Equity and Liabilities

TM's equity stands at ISK 21,972 m, and rose by ISK 5,882 m over the year. Liabilities stood at ISK 47,407 m on 31 December, having risen by ISK 32,720 over the year, largely due to the inclusion of Nemi and ISP in the accounts. The company sold its own shares valued at ISK 777 m and paid ISK 1,809 in dividend. Furthermore, a stock issue was launched in which equity was raised by ISK 5,731 m.

## Cash Flow

Cash from operations came to ISK 7.018 m over the year; the corresponding figure for 2005 was ISK 2,448 m. cash to operation. Cash on hand rose by ISK 7,916 m over the year and stood at ISK 8,702 m on 31 December 2006.

## Development of operations

On page 21 are the results of individual operational segments and the developments between 2005 and 2006 are presented. The operation is divided into three operational segments: Casualty insurance, life insurance and financial business.

## Operational Prospects and Future Vision

TM's growth prospects remain good, not least through its close collaboration with Nemi and also its growing foreign customer group. Particular efforts were made to improve performance in the non-life insurance sector last year, and their results have already been partially realised. The measures taken include a campaign for accident-prevention measures and the introduction of higher premiums. It should be remembered, however, that claim levels fluctuate widely and can have a radical effect on operational performance.

## Claims levels can change suddenly, which makes non-life insurance very vulnerable.

The acquisition of Nemi has resulted in a greater spread of premiums across insurance sectors. Motor insurance premiums, for example, accounted for over 40% of the total in 2005, but only about 20%, on an annualised basis, last year. The broader spread of the asset portfolio. This results in a lower of investment risk, which is a natural policy to pursue for a company of this type. The Icelandic stock market underwent considerable cyclical changes last year, which made it all the more important that this diversification had taken place; 1/3 of the changes in the fair value of the asset portfolio in 2006 were due to holdings on overseas markets. In the light of this, the intention is to take further steps in this direction in 2007.

# **Samstæðuársreikningur** 2006

# Skýrsla stjórnar og forstjóra

Samstæðuársreikningur Tryggingamiðstöðvarinnar hf. fyrir árið 2006 felur í sér ársreikninga Tryggingamiðstöðvarinnar hf. og dótturfélaganna Nemi Forsikring ASA, Tryggingar hf., ISP ehf. og Líftryggingamiðstöðvarinnar hf. Dótturfélögin eru að öllu leyti í eigu Tryggingamiðstöðvarinnar hf. að undanskilinni Líftryggingamiðstöðinni hf., sem er í 51% eigu Tryggingamiðstöðvarinnar hf.

Í árslok störfuðu 167 starfsmenn hjá samstæðunni. Heildarlaunagreiðslur á árinu námu 1.172 milljónum króna.

Í hlutafjárútboði sem fram fór í nóvember var hlutafé móðurfélagsins aukið að nafnvirði um 157.894.737 króna og nemur skráð hlutafé í árslok 2006 1.090.290.905 króna að nafnverði. Sölugengi bréfanna var 38 og markaðsvirði nam því 6 milljörðum króna. Kostnaður vegna útboðsins nam 269 milljónum króna.

TM hefur ekki tekið upp leiðbeinandi reglur Kauphallar Íslands, Viðskiptaráðs og Samtaka atvinnulífsins, um stjórnarhætti fyrirtækja. Félagið er með málið í skoðun og er niðurstöðu að vænta á næstu mánuðum. Helstu atriði sem verða til skoðunar eru mat á þörf á starfskjara- og endurskoðunarnefnd og óhæði stjórnarmanna.

Stjórnin leggur til að greiddur verði 1.000 milljóna króna arður til hluthafa, eða 0,91 kr. á hlut en vísar að öðru leyti til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum félagsins.

Í lok ársins voru hluthafar félagsins 383 að tölu og hafði fækkað um 5 frá fyrra ári. Í lok ársins áttu tveir hluthafar meira en 10% hlutafjár:

| | |
|---|---|
| Kristinn ehf. | 42,45% |
| Fjárfestingafélagið Grettir hf. | 24,45% |

Stjórn Tryggingamiðstöðvarinnar hf. og forstjóri staðfesta hér með samstæðuársreikning félagsins fyrir árið 2006 með áritun sinni.

Reykjavík, 15. febrúar 2007

**Stjórn:**

Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson, formaður

Guðbjörg M. Matthíasdóttir

Geir Zoëga

Guðmundur Davíðsson

Sigurður G. Guðjónsson

**Forstjóri:**

Óskar Magnússon

# Áritun endurskoðenda

## Til stjórnar og hluthafa í Tryggingamiðstöðinni hf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Tryggingamiðstöðvarinnar hf. fyrir árið 2006. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, yfirlit um breytingu á eigin fé, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

**Ábyrgð stjórnenda á samstæðuársreikningnum**
Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

**Ábyrgð endurskoðenda**
Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á samstæðuársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á samstæðuársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð samstæðuársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Álit**
Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Tryggingamiðstöðvarinnar hf. á árinu 2006, efnahag þess 31. desember 2006 og breytingu á handbæru fé á árinu 2006, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

Reykjavík, 15. febrúar 2007

**Deloitte hf.**

Birkir Leósson
endurskoðandi

Sigrún Ragna Ólafsdóttir
löggiltur endurskoðandi

# Rekstrarreikningur samstæðu

| | Skýr. | 4.ársfj. 2006 | 4.ársfj. 2005 | 2006 | 2005 |
|---|---|---|---|---|---|
| Iðgjaldatekjur | | 4.155.191 | 1.559.824 | 9.944.215 | 5.885.955 |
| Hluti endurtryggjenda í iðgjaldatekjum | | (2.005.939) | (286.500) | (3.292.413) | (995.509) |
| **Eigin iðgjöld** | 17 | 2.149.252 | 1.273.324 | 6.651.801 | 4.890.446 |
| Vaxta- og arðstekjur | 18 | 124.238 | 203.079 | 1.479.341 | 787.680 |
| Innleystur ágóði af fjáreignum | 19 | 7.468 | (50.000) | 63.781 | 11.078 |
| Gangvirðisbreytingar á fjáreignum færðar í rekstrarreikning | 20 | 1.162.153 | 1.997.210 | 3.264.605 | 6.878.154 |
| Aðrar tekjur | | (1.810) | (7.753) | 0 | 30.034 |
| **Fjárfestingatekjur** | | 1.292.049 | 2.142.536 | 4.807.727 | 7.706.946 |
| **Hreinar tekjur** | | 3.441.300 | 3.415.860 | 11.459.528 | 12.597.392 |
| Tjónakostnaður | | (4.163.421) | (1.702.324) | (9.401.654) | (5.631.643) |
| Hluti endurtryggjenda í tjónakostnaði | | 2.196.201 | 91.047 | 3.025.379 | 820.060 |
| **Eigin tjónakostnaður** | 21 | (1.967.219) | (1.611.276) | (6.376.275) | (4.811.583) |
| Annar rekstrarkostnaður | 22 | (924.711) | (513.213) | (2.263.609) | (1.727.174) |
| **Kostnaður** | | (2.891.930) | (2.124.489) | (8.639.884) | (6.538.757) |
| **Rekstrarhagnaður** | | 549.370 | 1.291.371 | 2.819.643 | 6.058.635 |
| Fjármagnsgjöld | 24 | (306.096) | (3.143) | (786.809) | (4.437) |
| Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga | 8 | 5.813 | 903.533 | (1.253.831) | 2.678.819 |
| **Hagnaður fyrir skatta** | | 249.088 | 2.191.761 | 779.003 | 8.733.017 |
| Tekjuskattur | 27 | (17.469) | (427.908) | (82.906) | (1.534.448) |
| **Hagnaður ársins** | 5,32 | 231.618 | 1.763.853 | 696.098 | 7.198.569 |
| **Skiptist á:** | | | | | |
| Hluthafa móðurfélags | | 230.744 | 1.764.791 | 687.337 | 7.200.343 |
| Hlutdeild minnihluta | | 874 | (938) | 8.761 | (1.774) |
| | | 231.618 | 1.763.853 | 696.098 | 7.198.569 |
| **Hagnaður á hlut (krónur fyrir hvern hlut)** | 25 | 0,24 | 1,95 | 0,75 | 7,89 |



*Fjárhæðir eru í þús. kr.*

# Efnahagsreikningur samstæðu

| Eignir | Skýr. | 31/12 2006 | 31/12 2005 |
|---|---|---|---|
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 6 | 537.925 | 506.392 |
| Óefnislegar eignir | | 30.602 | 0 |
| Viðskiptavild | 7 | 5.617.841 | 0 |
| Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum | 8 | 179.929 | 5.437.473 |
| Fjáreignir: | | | |
| Hlutabréf sem haldið er til sölu | 9 | 2.402.019 | 1.638.811 |
| Fjáreignir á gangvirði fært í rekstrarreikning | 9 | 22.831.361 | 14.785.711 |
| Fjáreignir haldið til gjalddaga | 9 | 2.632.399 | 456.429 |
| Skammtímakröfur | 10 | 7.126.953 | 1.331.934 |
| Útlán | 10 | 7.638.120 | 5.560.953 |
| Reiknuð skattainneign | 23 | 385.131 | 0 |
| Endurtryggingaeignir | 11,14 | 11.295.344 | 273.663 |
| Handbært fé | | 8.701.700 | 786.104 |
| **Eignir samtals** | | 69.379.324 | 30.777.470 |
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | 12 | 1.081.639 | 904.341 |
| Varasjóðir | 13 | 6.614.724 | 283.882 |
| Gangvirðisreikningur fjáreigna | | 69.184 | 0 |
| Þýðingarmunur | | 416.787 | 0 |
| Óráðstafað eigið fé | | 13.638.497 | 14.759.842 |
| **Eigið fé hluthafa móðurfélags** | | 21.820.831 | 15.948.065 |
| Hlutdeild minnihluta | | 151.549 | 142.789 |
| **Eigið fé samtals** | | 21.972.380 | 16.090.854 |
| **Skuldir** | | | |
| Vátryggingaskuld | 14 | 26.105.579 | 10.497.130 |
| Lántökur | 15 | 11.977.858 | 0 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir | 16 | 5.734.980 | 1.114.239 |
| Frestaður tekjuskattur | 23 | 3.588.528 | 3.075.248 |
| **Skuldir samtals** | | 47.406.944 | 14.686.616 |
| **Skuldir og eigið fé samtals** | | 69.379.324 | 30.777.470 |

*Fjárhæðir eru í þús. kr.*

# Sjóðstreymi samstæðu

| | Skýr. | 31/12 2006 | 31/12 2005 |
|---|---|---|---|
| **Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)** | | | |
| Móttekin iðgjöld | | 9.647.392 | 6.152.755 |
| Greidd endurtryggingaiðgjöld | | (4.251.152) | (999.034) |
| Greiddur tjónakostnaður | | (8.094.391) | (5.566.472) |
| Mótteknar endurtryggingakröfur | | 3.081.863 | 776.643 |
| Greiddur rekstrarkostnaður | | (1.779.722) | (1.353.376) |
| Mótteknar arðgreiðslur og vaxtatekjur | | 1.251.114 | 1.100.687 |
| Annað sjóðstreymi vegna rekstrar | | 105.646 | 2.424 |
| Sölur umfram (kaup) á hlutabréfatengdum verðbréfum | | 9.362.486 | (699.781) |
| Sölur umfram (kaup) á skuldabréfum til gjalddaga | | 124.298 | 0 |
| Veitt útlán umfram afborganir af útlánum | | (1.908.705) | (1.852.452) |
| Handbært fé frá rekstri (til rekstrar) án vaxta og skatta | | 7.538.829 | (2.438.606) |
| | | | |
| Greiddir vextir | | (134.424) | (4.437) |
| Greiddir skattar | | (386.481) | (4.961) |
| | | | |
| **Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)** | | 7.017.924 | (2.448.004) |
| | | | |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | |
| Kaup á dótturfélagi | 7 | (158.314) | 0 |
| Kaup á varanlegum rekstrarfjármunum | | (91.169) | (43.227) |
| Sala varanlegra rekstrarfjármuna | | 11.804 | 2.000 |
| | | (237.679) | (41.227) |
| | | | |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Lántaka | | 2.867.485 | 0 |
| Afborganir af lánum | | (4.112.485) | 0 |
| Kaup eigin hlutabréfa | | (158.393) | (670.276) |
| Greiddur arður til hluthafa | | (1.808.682) | (906.399) |
| Innborgað nýtt hlutafé | 12 | 4.310.578 | 0 |
| | | 1.098.503 | (1.576.675) |
| | | | |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | | 7.878.748 | (4.065.906) |
| Handbært fé í ársbyrjun | | 786.104 | 4.852.010 |
| Yfirtekið handbært fé ISP í samstæðu | 7 | 36.848 | 0 |
| **Handbært fé í lok ársins** | | 8.701.700 | 786.104 |



*Fjárhæðir eru í þús. kr.*

# Yfirlit um breytingar á eigin fé samstæðu

| | Hlutafé | Varasjóðir | Annað eigið fé | Óráðstafað eigið fé | Hlutdeild minnihluta | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **2006** | | | | | | |
| Eigið fé 1. janúar 2006 | 904.341 | 283.882 | | 14.759.842 | 142.789 | 16.090.854 |
| Greiddur arður | (1.808.682) | (1.808.682) | | | | |
| Keypt eigin hlutabréf | (3.990) | (154.403) | | | | (158.393) |
| Seld eigin hlutabréf | 28.055 | 1.110.471 | | | | 1.138.526 |
| Eigin bréf flokkuð sem skuldir vegna ákvæða söluréttarsamnings | (4.662) | (198.134) | | | | (202.796) |
| Gangvirðisbreyting fjáreigna | | | 69.184 | | | 69.184 |
| Þýðingarmunur | | | 416.787 | | | 416.787 |
| Útgefin hlutabréf | 157.895 | 5.572.910 | | | | 5.730.804 |
| Hagnaður ársins 2006 | | | | 687.336 | 8.760 | 696.096 |
| Eigið fé 31. desember 2006 | 1.081.639 | 6.614.725 | 485.971 | 13.638.496 | 151.549 | 21.972.379 |
| **2005** | | | | | | |
| Staða 1. janúar 2005 | 932.396 | 926.103 | | 8.465.898 | | 10.324.397 |
| Keypt eigin hlutabréf | (28.055) | (642.221) | | | | (670.276) |
| Greiddur arður | | | | (906.399) | | (906.399) |
| Kaup minnihluta | | | | | 144.562 | 144.562 |
| Hagnaður ársins 2005 | | | | 7.200.343 | (1.774) | 7.198.569 |
| Eigið fé 31. desember 2005 | 904.341 | 283.882 | 0 | 14.759.842 | 142.789 | 16.090.854 |

*Fjárhæðir eru í þús. kr.*

# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

Tryggingamiðstöðin hf. og dótturfélög hennar sem saman eru nefnd TM, stunda vátryggingarrekstur, bæði í líf- og skaðatryggingum ásamt fjárfestingarstarfsemi. TM stundar aðallega viðskipti á Íslandi og í Noregi.

Tryggingamiðstöðin hf., móðurfélag, er hlutafélag með höfuðstöðvar á Íslandi. Heimilisfang félagsins er Aðalstræti 6, Reykjavík. Bréf félagsins eru skráð í Kauphöll Íslands.

Samstæðuársreikningur TM var samþykktur af stjórn félagsins þann 15. febrúar 2007.

## 2. Yfirlit um reikningsskilaaðferðir

### 2.1 Grundvöllur reikningsskila

Samstæðuársreikningur TM er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS), sem staðfestir hafa verið af Evrópusambandinu.
Við samþykki þessara reikningsskila hafa eftirtaldir staðlar verið gefnir út en ekki tekið gildi.

| | **Gildistökudagur: Reikningsár sem hefst** |
|---|---|
| - **IFRS 7**, Fjármálagerningar: skýringar | 1. jan. 2007 og síðar |
| - **IFRS 8**, Starfsþáttaryfirlit rekstrar | 1. jan. 2009 og síðar |

Eftirtaldar túlkanir voru samþykktar af alþjóðlegu fastanefndinni um túlkanir (IFRIC) eftir að reikningsár TM hófst og hafa ekki verið innleiddar í reikningsskil samstæðunnar.

| | **Gildistökudagur: Reikningsár sem hefst** |
|---|---|
| - **IFRIC 7**, Beiting endurmatsaðferðar skv. IAS 29. reikningsskil í hagkerfum þar sem óðaverðbólga ríkir. | 1. mars 2006 og síðar |
| - **IFRIC 8**, Gildissvið IFRS 2, eignarhlutatengdar greiðslur | 1. maí 2006 og síðar |
| - **IFRIC 9**, Endurmat innbyggðra afleiða | 1. júní 2006 og síðar |
| - **IFRIC 10**, Árshlutareikningssil og virðisrýrnun | 1. nóv. 2006 og síðar |
| - **IFRIC 11**, Samstæða og eignarhlutatengdar greiðslur | 1. mars 2007 og síðar |
| - **IFRiC 12**, Ívilnanir frá opinberum aðilum vegna þjónustusamninga | 1. jan. 2008 og síðar |

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsaðferð, eins og henni hefur verið breytt með endurmati fjáreigna sem haldið er til sölu og fjáreigna á gangvirði þar sem gangvirðisbreytingin er færð í rekstrarreikning.

Gerð reikningsskila í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stuðst sé við tiltekin reikningshaldsleg möt. Einnig er gerð sú krafa til stjórnenda að þeir leggi mat á ákveðin atriði í reikningsskilaaðferðum félagsins. Sérstaklega er greint frá aðferðum við mikilvægar matsaðferðir í skýringu nr. 3.

### 2.2 Samstæðureikningsskil

**Dótturfélög**

Dótturfélög eru allar rekstrareiningar þar sem samstæðan hefur vald til að stýra fjárhags- og rekstrarstefnumótun en það fylgir að öllu jöfnu því að ráða meira en helmingi atkvæðisréttarins. Dótturfélög eru að fullu hluti samstæðunnar frá þeim degi þegar yfirráðin færast yfir til samstæðunnar. Þau eru tekin út úr samstæðunni frá þeim degi þegar yfirráðum lýkur.

Kaupaðferð í reikningshaldi er notuð við færslu kaupa samstæðunnar á dótturfélögum. Kaupverð er metið sem gangvirði þeirra eigna sem látnar eru af hendi, útgefinna eiginfjárgerninga og skulda sem stofnað er til eða teknar eru yfir á viðskiptadegi, auk kostnaðar sem rekja má beint til kaupanna. Aðgreinanlegar yfirteknar eignir og skuldir og óbókaðar skuldbindingar sem tilheyra keyptri rekstrareiningu, eru metnar á gangvirði á kaupdegi, án tillits til hversu mikil hlutdeild minnihluta er. Sá hluti kaupverðs sem er umfram gangvirði hlutar samstæðunnar í aðgreinanlegum hreinum eignum, er skráð sem viðskiptavild. Í árslok 2006 hafði kaupverði Nemi, umfram bókfært eigið fé félagsins á kaupdegi, ekki verið deilt á aðgreinanlegar hreinar eignir þess og stendur fjárhæðin því óútdeild sem viðskiptavild á meðal eigna í efnahagsreikningi, sjá skýringu nr. 7. Kaupverðinu verður útdeilt í samræmi við IFRS3 á fyrri hluta ársins 2007.

Viðskipti milli félaga, innbyrðis stöður og óinnleystur hagnaður af viðskiptum milli félaga innan samstæðunnar eru felld niður í reikningsskilum samstæðunnar. Óinnleyst töp eru einnig felld niður nema vísbending sé um að eignin sem var yfirfærð hafi rýrnað að verðmæti. Reikningsskilaaðferðum dótturfélaga hefur verið breytt þar sem þörf krefur til að tryggja samræmi við þær aðferðir sem samstæðan beitir

**Hlutdeildarfélög**

Hlutdeildarfélög eru allar rekstrareiningar sem samstæðan hefur veruleg ítök í en hefur ekki yfirráð yfir og fylgir að öllu jöfnu hlutabréfaeign sem ræður milli 20% og 50% atkvæðaréttarins. Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum eru færðar í upphafi á kostnaðarverði en með hlutdeildaraðferð eftir það.

Eftir kaup á hlutdeildarfélagi er hlutur samstæðunnar í hagnaði eða tapi færður í rekstrarreikning og hlutur hennar í hreyfingum varasjóða færður í varasjóði. Uppsafnaðar hreyfingar eftir kaup eru færðar til hækkunar eða lækkunar á bókfærðu verði fjárfestingarinnar. Samstæðan færir ekki hærri hlutdeild í tapi hlutdeildarfélags en sem nemur eftirstöðvum bókfærða verðsins, þ.m.t. ótryggðar viðskiptakröfur, nema að því marki sem hún hefur stofnað til skuldbindinga eða innt af hendi greiðslur fyrir hönd hlutdeildarfélagsins.

Óinnleystur hagnaður af viðskiptum milli samstæðunnar og hlutdeildarfélaga hennar er í samstæðureikningsskilum

felldur niður að því marki sem nemur hlutdeild samstæðunnar í hlutdeildarfélögum. Óinnleyst töp eru einnig felld niður nema vísbendingar séu um að eignin sem var yfirfærð hafi rýrnað að verðmæti.

## 2.3 Starfsþáttaskýrslur

Rekstrarstarfsþáttur er aðgreinanlegur hluti eigna og rekstrar TM og er háður annarri áhættu og afkomu en á við um aðra rekstrarstarfsþætti samstæðunnar  Landfræðilegur starfsþáttur er aðgreinanlegur hluti eigna og rekstrar tiltekins efnahagssvæðis sem er háður annarri áhættu og afkomu en á við um starfsþætti á öðrum efnahagssvæðum samstæðunnar.

## 2.4 Gjaldmiðlar

**Starfsrækslugjaldmiðill**

Samstæðuársreikningurinn er settur fram í þúsundum íslenskra króna, sem er starfsrækslugjaldmiðill TM og framsetningargjaldmiðill.

Viðskipti í erlendum gjaldmiðli eru umreiknuð yfir í krónur og notað er það gengi sem er í gildi á viðskiptadegi. Hagnaður og tap sem stafar af uppgjöri slíkra viðskipta og af umreikningi á gengi peningalegra eigna og skulda í erlendri mynt í lok árs eru færð í rekstrarreikning.

Reikningsskil félaga í samstæðu TM eru sett fram í starfsrækslugjaldmiðli þess efnahagssvæðis sem þau starfa í.  Við gerð samstæðuársreiknings eru eignir og skuldir erlendra dótturfélaga TM umreiknaðar í þúsundir íslenskra króna miðað við gildandi gengi í lok reikningssárs.  Tekjur og gjöld eru umreiknuð í þúsundir íslenskra króna miðað við meðalgengi rekstrartímabilsins nema í þeim tilvikum þegar gengi gjaldmiðla sveiflast mikið en þá er gengi viðskiptadags notað.  Gengismunur, þýðingarmunur, sem myndast er færður á sérstakan reikning meðal eigin fjár. Þýðingarmunurinn er færður í rekstrarreikning þegar erlenda starfsemin er seld.

Viðskiptavild og gangvirðisleiðréttingar sem varða kaupin á erlendu starfseminni eru meðhöndluð sem eignir og skuldir erlendu starfseminnar og uppfærð í samstæðuársreikningi miðað við gengi á uppgjörsdegi.

## 2.5 Varanlegir rekstrarfjármunir

Til fasteigna teljast skrifstofur, sölustaðir og aðrar húseignir sem notaðar eru undir starfsemi samstæðunnar.  Fasteignir og aðrir varanlegir rekstrarfjármunir eru tilgreindir á upphaflegu kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Land er ekki afskrifað. Upphaflegt kostnaðarverð felur í sér kostnað sem rekja má beint til kaupa á viðkomandi eignum.

Viðbótarfjárfesting sem fellur til síðar er innifalin í bókfærðu verði eignarinnar eða færð sem sérgreind eign, eftir því sem við á. Það gerist þó einungis þegar líklegt er að efnahagslegur ávinningur, sem tengist fjárfestingunni, muni í framtíðinni renna til samstæðunnar og að unnt sé að meta kostnaðarverð með öruggum hætti. Allar aðrar viðgerðir og viðhald eru gjaldfærðar í rekstrarreikningi á því tímabili þegar stofnað er til þeirra.

Afskriftir eigna eru reiknaðar þannig að mismuni á kostnaðarverði þeirra og áætluðu hrakvirði er dreift línulega á áætlaðan nýtingartíma eignanna sem er eftirfarandi:

| | |
|---|---|
| Fasteignir | 25-40 ár |
| Skrifstofuáhöld, innréttingar og tölvur | 3-15 ár |
| Bifreiðar | 3-5 ár |

Hrakvirði eigna og nýtingartími eru endurmetin á hverjum reikningsskiladegi og breytt, ef við á.

Bókfært verð eignar er ávallt fært niður í endurheimtanlega fjárhæð ef bókfært verð er hærra en áætluð endurheimtanleg fjárhæð (skýr. 2.8).

Söluhagnaður og tap reiknast sem mismunur söluverðs að frádregnum kostnaði við söluna og bókfærðs verðs seldra eigna á söludegi. Þessar fjárhæðir eru færðar í rekstrarreikningi.

## 2.6 Óefnislegar eignir

**Viðskiptavild**

Viðskiptavild sem myndast í samstæðunni er vegna mismunar á kaupverði dótturfélags og hlutdeildar í hreinni eign þess eftir að eignir og skuldir hafa verið metnar til gangvirðis á kaupdegi.  Viðskiptavild er færð til eignar og metin með tilliti til virðismats á reikningsskiladegi.

Til að hægt sé að meta virðismat er viðskiptavild skipt niður á sjóðsskapandi einingar.  Sjóðsskapandi einingar sem viðskiptavild hefur verið uthlutað á eru prófaðar með tilliti til virðismats árlega eða oftar ef vísbending um virðisrýrnun er til staðar.  Ef virðisrýrnun sjóðskapandi eignar hefur átt sér stað er sú viðskiptavild sem útdeilt hefur verið á hana fyrst færð niður en síðan aðrar eignir sem tilheyra viðkomandi sjóðsskapandi einingu.  Virðisrýrnun á viðskiptavild er ekki færð til baka á síðari tímabilum.

**Aðrar óefnislegar eignir**

Aðrar óefnislegar eignir en viðskiptavild eru metnar á kostnaðarverði að frádregnum fengnum fyrningum. Hugbúnaður er dæmi um óefnislega eign.

## 2.7 Fjárfestingar

Samstæðan flokkar fjárfestingar sínar í eftirfarandi flokka: fjáreignir á gangvirði fært í rekstrarreikning, útlán, skammtímakröfur, skuldabréf sem haldið er til gjalddaga og fjáreignir sem haldið er til sölu. Flokkunin fer eftir tilgangi fjárfestinganna. Stjórnendur flokka fjárfestingar þegar þær eru færðar í upphafi og endurmeta svo flokkunina á sérhverjum reikningsskiladegi.

**Fjáreignir á gangvirði fært í rekstrarreikning**

Í þessum flokki eru fjáreignir sem haldið er í viðskiptaskyni. Fjáreign er flokkuð í þennan flokk ef hún er fyrst og fremst keypt eða ætluð í þeim tilgangi að selja hana innan skamms eða ef stjórnendur tilgreina hana þannig.

**Útlán og skammtímakröfur**

Útlán og skammtímakröfur eru fjáreignir, ekki afleiður, með föstum greiðslum eða greiðslum sem unnt er að ákvarða, eru ekki skráðar á virkum markaði og samstæðan hefur ekki í huga að eiga viðskipti með kröfurnar eða innleysa með öðrum hætti en með greiðslu frá skuldara.

**Fjárfestingar sem haldið er til gjalddaga.**

Fjárfestingar sem haldið er til gjalddaga eru fjáreignir, ekki afleiður, með föstum greiðslum eða greiðslum sem unnt er að ákvarða og föstum binditíma sem TM ráðgerir og hefur getu til að halda út binditímann.

**Fjáreignir sem haldið er til sölu**

Fjáreignir sem haldið er til sölu, ekki afleiður, eru eignir sem ekki er ætlunin að selja í náinni framtíð, nema sérstök tækifæri gefist.

Kaup og sala fjárfestinga er færð á viðskiptadegi, þ.e. þeim degi sem samstæðan skuldbindur sig til að kaupa eða selja eignina. Fjárfestingar eru í upphafi færðar á gangvirði að viðbættum viðskiptakostnaði nema fjáreignir á gangvirði fært í rekstrarreikningn sem eru bókfærðar á gangvirði. Fjárfestingar eru færðar út þegar réttindi til að taka á móti sjóðstreymi vegna þeirra hafa fallið niður eða verið yfirfærð annað og samstæðan hefur yfirfært því sem næst alla áhættu og umbun sem fylgir eignarhaldinu. Fjáreignir sem haldið er til sölu og fjáreignir á gangvirði fært í rekstrarreikning eru bókfærðar á gangvirði. Útlán, skammtímakröfur og fjárfestingar sem haldið er til gjalddaga eru bókfærðar á niðurfærðu kostnaðarverði, miðað við virka vexti. Innleystur og óinnleystur hagnaður og tap sem myndast vegna breytinga á gangvirði í flokknum „fjáreignir á gangvirði fært í rekstrarreikning" eru færð í rekstrarreikning á því tímabili þegar það myndast.

Óinnleystur hagnaður sem myndast vegna gangvirðisbreytinga á fjáreignum sem haldið er til sölu, er færður í varasjóð meðal eigin fjár. Þegar eignir sem flokkaðar eru þannig eru seldar eða hafa rýrnað að virði, eru uppsafnaðar gangvirðisbreytingar þeirra færðar í rekstrarreikning sem innleystur ágóði (tap) af fjáreignum.

Gangvirði skráðra fjárfestinga er byggt á gildandi tilboðsverði. Ef markaður fyrir fjáreign er ekki virkur eða um er að ræða óskráð verðbréf, ákvarðar samstæðan gangvirði með því að nota sérstakar matsaðferðir. Meðal þeirra er viðmiðun við nýleg viðskipti ótengdra aðila, tilvísun til annarra efnislega sambærilegra gerninga, núvirt greining á sjóðstreymi og verðmyndunarlíkön.

Við sérhver reikningsskil metur samstæðan hvort fyrir hendi séu vísbendingar um að fjáreign eða flokkur fjáreigna hafi rýrnað að verðmæti. Þegar um er að ræða hlutabréfatengd verðbréf sem er haldið til sölu, er horft til verulegrar lækkunar eða lækkunar til lengri tíma á gangvirði verðbréfsins þegar ákvarðað er hvort verðbréfin hafi rýrnað að verðmæti. Ef einhver slík vísbending er fyrir hendi að því er varðar fjáreignir sem haldið er til sölu, er uppsafnað tap fært úr eigið fé yfir í rekstrarreikning. Uppsafnað tap er metið sem mismunur á kostnaðarverði og gildandi gangverði að frádregnu öllu virðisrýrnunartapi af þessari fjáreign sem þegar hefur verið fært í rekstrarreikning.

## 2.8 Virðisrýrnun eigna

**Fjáreignir bókfærðar á niðurfærðu kostnaðarverði**

Samstæðan metur við hver reikningsskil hvort fyrir hendi séu vísbendingar um að fjáreign eða flokkur fjáreigna hafi rýrnað að verðmæti. Fjáreign eða flokkur fjáreigna hefur rýrnað að verðmæti ef vísbendingar eru fyrir hendi um virðisrýrnun vegna eins eða fleiri atburða, sem hafa gerst eftir upphaflega færslu eignarinnar og þessi atburður (eða atburðir) hefur áhrif á áætlað framtíðarsjóðstreymi fjáreignar eða flokka fjáreigna og unnt er að áætla það með áreiðanlegum hætti. Vísbendingar um að fjáreign eða flokkur eigna hafi virðisrýrnað innifelur eftirfarandi atburði:

- (i) umtalsverðir fjárhagserfiðleikar útgefanda eða skuldara;
- (ii) samningsbrot, s.s. greiðslufall eða vanskil á greiðslum;
- (iii) líkindi á að útgefandi eða skuldari muni verða gjaldþrota eða stefni í fjárhagsendurskipulagningu;
- (iv) brotthvarf virks markaðar fyrir þessa fjáreign vegna fjárhagslegra erfiðleika eða
- (vi) áreiðanlegar heimildir um lækkun á framtíðarsjóðstreymi.

Samstæðan metur fyrst hvort vísbendingar séu fyrir hendi um virðisrýrnun einstakra fjáreigna sem skipta máli hver fyrir sig. Ef samstæðan telur að engar vísbendingar séu fyrir hendi um virðisrýrnun fjáreignar sem er metin sérstaklega, hvort sem hún er veruleg eða ekki, innifelur hún eignina í flokki fjáreigna

með sambærilegum lánsáhættueiginleikum og metur þær saman með tilliti til virðisrýrnunar. Eignir sem eru metnar sérstaklega með tilliti til virðisrýrnunar og virðisrýrnunartap er fært fyrir eða mun verða fært fyrir, eru ekki innifaldar í sameiginlegu mati á virðisrýrnun.

Ef vísbendingar eru fyrir hendi um að virðisrýrnunartap hafi orðið á útlánum og skammtímakröfum eða fjárfestingum sem haldið er til gjalddaga og bókfærðar eru á niðurfærðu kostnaðarverði, er fjárhæð tapsins metin sem mismunurinn á bókfærðri fjárhæð eignarinnar og núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis afvaxtað miðað við upphaflega raunvexti fjáreignarinnar. Bókfærð fjárhæð eignarinnar er lækkuð með því að nota niðurfærslureikning og fjárhæð tapsins er færð í rekstrarreikning. Ef fjárfesting, sem haldið er til gjalddaga, eða útlán hefur breytilega vexti eru gildandi raunvextir afvöxtunarstuðullinn fyrir mat á virðisrýrnunartapi.

Þegar heildarmat er framkvæmt með tilliti til virðisrýrnunar, eru fjáreignir flokkaðar út frá sambærilegum útlánaáhættueiginleikum (t.d. á grundvelli flokkunarferlis samstæðunnar en þar er tekið tillit til tegundar eignar, atvinnugreinar, landfræðilegrar staðsetningar, hvort eignin er gjaldfallin eða ekki og annarra þátta sem skipta máli). Þessir eiginleikar skipta máli varðandi mat á framtíðarsjóðstreymi fyrir flokka slíkra eigna vegna þess að þeir gefa vísbendingu um getu útgefanda til að greiða fjárhæðir á gjalddaga samkvæmt samningsbundnum skilmálum skuldagerningsins sem verið er að meta.

Ef fjárhæð virðisrýrnunartaps lækkar á seinna tímabili og unnt er að tengja lækkunina við atburð sem átti sér stað eftir að virðisrýrnunin var færð (s.s. aukið lánshæfi), þá er áður fært virðisrýrnunartap bakfært með því að leiðrétta niðurfærslureikninginn. Fjárhæð bakfærslunnar er færð í rekstrarreikninginn.

#### Fjáreignir færðar á gangvirði

Samstæðan metur við öll reikningsskil sín hvort fyrir hendi séu vísbendingar um að fjáreign sem haldið er til sölu hafi rýrnað að verðmæti. Einnig þegar um er að ræða fjárfestingu í hlutabréfum sem eru flokkuð sem “til sölu”. Ef slíkar vísbendingar eru fyrir hendi hvað varðar fjáreignir sem haldið er til sölu, er uppsafnað tap fært úr eigin fé og í rekstrarreikning. Það reiknast sem mismunurinn á kostnaðarverði við kaupin og gildandi gangvirði að frádregnum öllum virðisrýrnunartöpum af fjáreigninni sem þegar hafa verið færð í rekstrarreikning.

#### Virðisrýrnun annarra eigna sem ekki eru fjáreignir

Eignir sem hafa ótilgreindan nýtingartíma eru ekki afskrifaðar en eru prófaðar árlega með tilliti til virðisrýrnunar. Eignir sem eru afskrifaðar eru skoðaðar með tilliti til virðisrýrnunar hvenær sem atburðir eða breytingar á aðstæðum benda til að verið geti að bókfærð fjárhæð verði ekki endurheimtanleg. Virðisrýrnunartap, sem nemur mismun bókfærðs verðs eignar og endurheimtanlegrar fjárhæðar hennar, er þá fært í rekstrarreikning. Endurheimtanleg fjárhæð er annað hvort gangvirði eignarinnar að frádregnum kostnaði við sölu eða notkunarvirði hennar, hvort heldur sem hærra reynist.

## 2.9 Handbært fé og ígildi þess

Handbært fé og ígildi þess er reiðufé og inneignir á bankareikningum.

## 2.10 Eigið fé

Hlutafé er fært á nafnvirði og yfirverð á aðra varasjóði. Hlutafé í efnahagsreikningi samsvarar heildarhlutafé að frádregnu nafnverði eigin bréfa.

Ef eitthvert félag innan samstæðunnar kaupir eigið hlutafé félagsins (eigin hlutir) er endurgjaldið sem greitt er að meðtöldum öllum viðbótarkostnaði, sem rekja má beint til kaupanna dregið frá eigin fé. Ef þessir hlutir eru síðan seldir, endurútgefnir eða ráðstafað á annan hátt, er það endurgjald sem móttekið er fært á eigið fé, að frádregnum öllum viðbótarkostnaði sem rekja má til viðskiptanna.

## 2.11 Vátryggingasamningar

TM gefur út vátryggingasamninga sem fela í sér yfirfærslu á áhættu frá hinum tryggðu til samstæðunnar (sjá einnig skýr. 4).

#### Iðgjöld

Iðgjöld eru færð sem tekjur (iðgjöld ársins) hlutfallslega yfir tímabilið sem þau ná til. Sá hluti iðgjaldsins sem er útgefinn vegna gildandi samninga en tengist óútrunninni áhættu á reikningsskiladegi er skráður sem iðgjaldaskuld.

#### Tjón

Tjónakostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikning miðað við greidda og áætlaða ógreidda bótafjárhæð. Bótafjárhæðin er kostnaður við uppgjör beinna og óbeinna krafna sem hljótast af liðnum tjónsatburðum á reikningsskiladegi, jafnvel þótt samstæðunni hafi ekki verið tilkynnt um þá. Samstæðan afvaxtar ekki skuldbindingar sínar vegna ógreiddra tjóna. Skuldbindingar vegna ógreiddra tjóna eru áætlaðar með því að nota upplýsingar um einstaka tjónsatburði sem samstæðunni hefur verið tilkynnt um og tölfræðilegar forsendur vegna tjóna sem ekki hefur verið tilkynnt um.

#### Endurtryggingasamningar

Samstæðan dregur úr tjónaáhættu sinni með samningum við endurtryggendur. Samningarnir eru ýmist með þeim hætti að endurtryggjendur bera ákveðið hlutfall tjónaáhættunnar eða bera alla áhættu fari tjón umfram umsamda fjárhæð.

Þær greiðslur sem TM á rétt á samkvæmt endurtrygginga-samningum eru færðar sem endurtryggingaeignir. Það eru ýmsar skammtímakröfur vegna samskipta við endurtryggjendur, kröfur vegna hlutdeildar í tjónum skv. endurtryggðum vátryggingasamningum og hlutdeild í iðgjaldaskuld. Skuldbindingar vegna endurtrygginga eru fyrst og fremst iðgjöld sem skal greiða fyrir endurtryggingasamninga og eru gjaldfærð við endurnýjun samninga.

TM velur endurtryggjendur með tilliti til fjárhagslegs styrk-leika. Endurtryggingaeignir eru metnar reglulega með tilliti til virðisrýrnunar. Ef vísbendingar eru fyrir hendi um að endurtryggingareignir hafi rýrnað að verðmæti, lækkar TM bókfært verð þeirra niður í endurheimtanlega fjárhæð og færir virðisrýrnunartapið í rekstrarreikning. Beitt er hér sömu viðmiðunum og lýst er í skýr. 2.8 varðandi „fjáreiginir bókfærðar á niðurfærðu kostnaðarverði“.

## 2.12 Lántökur

Lán eru í upphafi færð á markaðsvirði að frádregnum tilheyrandi kostnaði. Á endurgreiðslutíma þeirra eru þau síðan færð til skuldar miðað við virka vexti og er lántökukostnaði dreift á lánstímann.

## 2.13 Frestaður tekjuskattur

Frestaður tekjuskattur af tímabundnum mismunum milli skatt-verðs eigna og skulda og bókfærðra fjárhæða þeirra er færður að fullu til skuldar í samstæðureikningsskilunum. Frestaður tekjuskattur er ákvarðaður með því að nota skatthlutföll sem hafa verið lögleidd fyrir dagsetningu efnahagsreiknings eða fyrir liggur að verði lögleidd og vænst er að verði í gildi þegar tengd frestuð skattinneign er innleyst eða frestaða tekjuskattskuldbindingin er gerð upp.

Frestaðar skattinneignir eru færðar að því marki sem líklegt er að unnt verði að nýta tímabundna mismuni á móti skattalegum framtíðarhagnaði.

Frestaður tekjuskattur vegna tímabundinna mismuna sem stafa af fjárfestingum í dótturfélögum og hlutdeildarfélögum er færður nema þegar samstæðan stjórnar því hvenær tímabundni mismunurinn er bakfærður og líklegt er að tímabundni mismunurinn muni ekki snúast við í fyrirsjáanlegri framtíð.

## 2.14 Starfskjör

**Uppsagnarkjör**

Starfslokasamningar eru færðir þegar starfi lýkur áður en að áður ákvörðuðum starfslokatíma kemur eða hvenær sem starfsmaður segir upp störfum í skiptum fyrir þessi kjör. TM færir starfslokasamninga þegar hún er sannanlega skuldbundin til að greiða þá. Kjör sem gera þarf upp 12 mánuðum eftir dagsetningu efnahagsreiknings eða síðar eru afvöxtuð að núvirði.

## 2.15 Reiknaðar skuldbindingar

**Kostnaður við endurskipulagningu**

Reiknaðar skuldbindingar vegna kostnaðar við endurskipulagningu eru færðar þegar: TM hefur lagalega eða ætlaða skuldbindingu vegna liðinna atburða; á því eru meiri líkur en minni að þörf verði á útstreymi verðmæta til að gera upp skuldbindinguna og fjárhæðin verður metin á áreiðanlegan hátt. Reiknaðar skuldbindingar vegna endurskipulagningar taka m.a. til greiðslna vegna uppsagna starfsmanna. Reiknaðar skuldbindingar eru ekki færðar vegna rekstrartapa í framtíðinni. Þegar fyrir hendi er fjöldi sambærilegra skuldbindinga eru líkurnar á því að útstreymi verði nauðsynlegt við uppgjör ákvarðaðar með því að taka tillit til flokks skuldbindinganna í heild. Reiknaðar skuldbindingar eru færðar meðal viðskiptaskulda og annarra skulda í efnahagsreikningi.

**Aðrar skuldbindingar**

TM skilar ýmsum opinberum gjöldum sem tengjast vátryggingum. Skuldbindingar eru færðar þegar skuldbinding er fyrir hendi (lagaleg eða ætluð) vegna liðinna atburða.

## 2.16 Vaxta- og arðstekjur

**Vaxtatekjur**

Vaxtatekjur vegna annarra fjáreigna en þeirra þar sem gangvirðisbreyting færist í rekstrarreikningi, eru færðar með aðferð virkra vaxta. Þegar viðskiptakrafa virðisrýrnar lækkar samstæðan bókfærðu fjárhæðina niður í endurheimtanlega fjárhæð, sem er áætlað framtíðarsjóðstreymi afvaxtað miðað við upphaflega raunvexti gerningsins.

**Arðstekjur**

Arðstekjur af hlutabréfaeign sem er haldið til sölu eru færðar þegar réttur til að móttaka greiðslu er staðfestur.

## 2.17 Úthlutun arðs

Úthlutaður arður til hluthafa félagsins er færður í reikningsskil TM á því tímabili sem hluthafar félagsins samþykkja arðgreiðslurnar.

## 3. Mikilvægar reikningshaldslegar matsaðferðir við beitingu reikningsskilaaðferða

TM vinnur möt og forsendur sem hafa áhrif á tilgreindar fjárhæðir eigna og skulda innan næsta fjárhagsárs. Möt eru sífellt endurskoðuð og er þar byggt á sögulegri reynslu og öðrum þáttum, þ.m.t. væntingum um framtíðaratburði sem taldir eru raunhæfir miðað við aðstæður.

**Vátryggingaskuld**

Mat á vátryggingaskuldinni er mikilvægasta reikningshaldslega mat TM. Taka þarf tillit til nokkurra óvissuþátta við mat á þeirri fjárhæð sem áætlað er að samstæðan muni að lokum greiða fyrir tjónin.

**Virðisrýrnun fjáreigna sem haldið er til sölu**

TM telur að fjáreignir sem haldið er til sölu hafi virðisrýrnað þegar veruleg eða langvarandi lækkun hefur orðið á gangvirði þeirra niður fyrir kostnaðarverð. Mat er lagt á hvað telst verulegt og langvarandi. Við matið er meðal annarra þátta tekið tillit til breytileika hlutabréfaverðs, stöðu í atvinnugrein og starfsþætti, breytinga í tækni, sjóðstreymis frá rekstri og fjármögnun. Færsla virðisrýrnunar kann einnig að vera viðeigandi þegar vísbendingar eru um versnandi stöðu félags sem fjárfest hefur verið í, árangurs í atvinnugrein eða starfsþætti, breytingar í tækni og sjóðstreymis vegna fjármögnunar og rekstrar.

## 4. Stjórnun á vátryggingaáhættu og fjárhagsáhættu

TM gefur út vátryggingasamninga þar sem fram fer yfirfærsla áhættu frá viðskiptavinum til samstæðunnar. Í þessum hluta er fjallað um slíkar áhættur og með hvaða hætti TM stýrir þeim.

### 4.1 Vátryggingaáhætta

Áhættan samkvæmt sérhverjum vátryggingasamningi eru líkurnar á að tryggði atburðurinn eigi sér stað og óvissan um fjárhæð kröfunnar sem af honum hlýst. Það felst í eðli vátrygginga að áhættan er tilviljunarkennd.

Þar sem tölfræðilegum aðferðum er beitt við mat á vátryggingaáhættu er megin áhætta TM sú að endanlegur tjónakostnaður verði verulega hærri en ætlað var. Þetta gerist ef tjónin verða tíðari eða alvarlegri en tölfræðilegar forsendur gerðu ráð fyrir. Reynslan sýnir að því stærri sem vátryggingastofn er, því minna verður hlutfallslegt frávik frá ætlaðri niðurstöðu. Fjölbreytni varðandi bótasvið, atvinnustarfsemi og landfræðilega staðsetningu í vátryggingastofni dregur úr vátryggingaáhættu TM.

**Óvissuþættir við mat á tjónafjárhæðum.**

TM greiðir bætur vegna tjónsatburða sem verða á samningstímanum jafnvel þótt tjónið eða afleiðingar þess komi ekki í ljós fyrr en eftir lok reikningsskiladags. Breytilegt er hve langan tíma tekur að gera upp tjón og hversu hratt þau greiðast, eftir eðli tjónsins og öðrum aðstæðum. Af þessu leiðir að meta þarf reglulega óuppgerð tjón, bæði tilkynnt og ótilkynnt.

Áætlaður tjónakostnaður eru þær fjárhæðir sem greiða þarf við uppgjör tjóna að frádregnu væntu endurgreiðsluvirði og öðrum endurheimtum. TM aflar upplýsinga sem máli skipta um tjónsatburðinn og mat á tjónsfjárhæð. Margir óvissuþættir eru við mat á tjónsfjárhæð og endanlegt tjón getur því reynst annað en matsfjárhæðin á hverjum tíma. Vátryggingaskuld er tjónaskuld vegna tjónsatburða sem hafa orðið en ekki hefur verið tilkynnt um, tjónaskuld vegna ógreiddra tilkynntra tjóna og iðgjaldaskuld vegna óútrunninnar áhættu vátryggingasamninga. Dómar í fordæmisgefandi málum og túlkun þeirra geta haft veruleg áhrif á tjónakröfur og endanlegar niðurstöður tjónsuppgjöra.

Ógreidd tilkynnt tjón eru metin hvert fyrir sig samkvæmt bestu fáanlegum upplýsingum. Ótilkynnt tjón eru metin með hliðsjón af reynslu varðandi tjónatilkynningar til TM á undanförnum árum.

Mat á ótilkynntum tjónum er háð meiri óvissu en mat á tjónum sem TM hefur verið tilkynnt um. Vera kann að afleiðingar tjóns séu tjónþola ekki ljósar fyrr en einhverjum tíma eftir að tjónsatburðurinn átti sér stað. Hlutfall ótilkynntra tjóna er breytilegt eftir vátryggingagreinum og er það hæst í ábyrgðar- og slysatryggingum.

## 4.2 Fjárhagsáhætta

TM ber áhættu af fjáreignum sínum, fjárhagslegum skuldbindingum (fjárfestingasamningum og lántökum), endurtryggingaeignum og vátryggingaskuld. Megináhættan er sú að söluandvirði fjáreigna TM sé ekki nægjanlegt til að fjármagna skuldbindingar sem stafa af vátryggingasamningum hennar. Mikilvægustu þættirnir í fjárhagsáhættu eru vaxtaáhætta, hlutabréfaverðsáhætta, gjaldmiðilsáhætta og útlánaáhætta.

TM stýrir áhættu innan eigna- og skuldastýringarramma sem hefur verið þróaður til að ná langtímaávöxtun vegna fjárfestinga umfram skuldbindingar samkvæmt vátryggingasamningum. Meginaðferð eigna- og skuldastýringar TM felst í því að jafna eignum á móti þeim skuldbindingum sem stafa af vátryggingasamningum.

Eigna- og skuldstýring TM er samþætt fjárhagsáhættustýringu hennar í tengslum við aðrar fjáreignir og -skuldir samstæðunnar sem eru ekki beint tengdar vátryggingaskuldbindingum (einkum lántökum og fjárfestingum í fyrirtækjum).






*Fjárhæðir eru í þús. kr.*

## 5. Upplýsingar um starfsþætti

Samstæðunni er skipt upp í þrjá rekstrarstarfsþætti:

1. Skaðatryggingarekstur
2. Líftryggingarrekstur
3. Fjármálarekstur

**Afkoma starfsþátta fyrir árið 2006 er eftirfarandi:**

| | Skaðatr.-rekstur | Líftrygginga-rekstur | Fjármála-rekstur | Samstæða |
|---|---|---|---|---|
| Eigin iðgjöld | 6.552.369 | 99.432 | | 6.651.801 |
| Fjárfestingatekjur | 1.191.205 | 4.704 | 3.611.817 | 4.807.727 |
| **Hreinar tekjur** | 7.743.574 | 104.136 | 3.611.817 | 11.459.528 |
| Eigin tjónakostnaður | (6.346.109) | (30.167) | | (6.376.275) |
| Annar kostnaður | (1.752.002) | (77.658) | (433.949) | (2.263.608) |
| **Kostnaður alls** | (8.098.111) | (107.825) | (433.949) | (8.639.884) |
| **Rekstrarhagnaður (-tap)** | (354.537) | (3.689) | 3.177.868 | 2.819.643 |
| Fjármagnsgjöld | | | (786.809) | (786.809) |
| Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga | | | (1.253.831) | (1.253.831) |
| **Hagnaður (tap) fyrir skatta** | (354.537) | (3.689) | 1.137.228 | 779.003 |
| Tekjuskattur | | | | (82.906) |
| **Hagnaður ársins** | | | | 696.098 |
| Skiptist á: | | | | |
| Hluthafa móðurfélags | | | | 687.337 |
| Hlutdeild minnihluta | | | | 8.761 |
| | | | | 696.098 |

**Eignir og skuldir starfsþátta 31. desember 2006:**

| | Skaðatr.-rekstur | Líftrygginga-rekstur | Fjármála-rekstur | Samstæða |
|---|---|---|---|---|
| Eignir: | | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 5.378.679 | 0 | 807.689 | 6.186.368 |
| Fjáreignir og fjárfestingar í hlutdeildarfélögum | 22.885.187 | 123.978 | 20.186.748 | 43.195.913 |
| Endurtryggingaeignir | 11.259.096 | 36.248 | 0 | 11.295.344 |
| Handbært fé | 1.250.547 | 282.222 | 7.168.931 | 8.701.700 |
| **Eignir samtals** | 40.773.509 | 442.448 | 28.163.368 | 69.379.325 |
| Skuldir: | | | | |
| Vátryggingaskuld | 25.998.873 | 106.706 | 0 | 26.105.579 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir | 5.446.047 | 22.438 | 266.494 | 5.734.979 |
| Lántökur | 0 | 0 | 11.977.858 | 11.977.858 |
| Frestaður tekjuskattur | 997.367 | 4.020 | 2.587.141 | 3.588.528 |
| **Skuldir samtals** | 32.442.287 | 133.164 | 14.831.493 | 47.406.944 |

*Fjárhæðir eru í þús. kr.*

**Afkoma starfsþátta fyrir árið 2005 er eftirfarandi:**

| | Skaðatr. - rekstur | Líftrygginga- rekstur | Fjármála- rekstur | Samstæða |
|---|---|---|---|---|
| Eigin iðgjöld | 4.846.164 | 44.282 | | 4.890.446 |
| Fjárfestingatekjur | 892.089 | 2.903 | 6.811.955 | 7.706.946 |
| **Hreinar tekjur** | 5.738.253 | 47.185 | 6.811.955 | 12.597.393 |
| Eigin tjónakostnaður | (4.798.157) | (13.426) | | (4.811.583) |
| Annar kostnaður | (1.408.535) | (46.448) | (272.191) | (1.727.174) |
| **Kostnaður alls** | (6.206.692) | (59.874) | (272.191) | (6.538.757) |
| **Rekstrarhagnaður (-tap)** | (468.439) | (12.689) | 6.539.764 | 6.058.635 |
| Fjármagnsgjöld | | | (4.437) | (4.437) |
| Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga | | | 2.678.819 | 2.678.819 |
| **Hagnaður (tap) fyrir skatta** | (468.439) | (12.689) | 9.214.146 | 8.733.017 |
| Tekjuskattur | | | | (1.534.448) |
| **Hagnaður ársins** | | | | 7.198.569 |
| **Skiptist á:** | | | | |
| Hluthafa móðurfélags | | | | 7.200.343 |
| Hlutdeild minnihluta | | | | (1.774) |
| | | | | 7.198.569 |

**Eignir og skuldir starfsþátta 31. desember 2005:**

| | Skaðatr. - rekstur | Líftrygginga- rekstur | Fjármála- rekstur | Samstæða |
|---|---|---|---|---|
| Eignir: | | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 430.433 | 0 | 75.959 | 506.392 |
| Fjáreignir og fjárfestingar í hlutdeildarfélögum | 11.995.968 | 74.726 | 17.140.618 | 29.211.312 |
| Endurtryggingaeignir | 253.019 | 20.644 | 0 | 273.663 |
| Handbært fé | 524.254 | 261.850 | 0 | 786.104 |
| **Eignir samtals** | 13.203.674 | 357.220 | 17.216.577 | 30.777.470 |
| Skuldir: | | | | |
| Vátryggingaskuld | 10.435.984 | 61.146 | 0 | 10.497.130 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir | 612.131 | 4.573 | 497.534 | 1.114.238 |
| Frestaður tekjuskattur | 767.732 | 95 | 2.307.422 | 3.075.248 |
| **Skuldir samtals** | 11.815.847 | 65.814 | 2.804.956 | 14.686.616 |

| **Landfræðileg skipting hreinna tekna 2006:** | **Ísland** | **Noregur** |
|---|---|---|
| Eigin iðgjöld | 5.842.431 | 809.370 |
| Fjárfestingatekjur | 4.488.577 | 319.150 |
| **Hreinar tekjur** | 10.331.008 | 1.128.520 |



*Fjárhæðir eru í þús. kr.*

## 6. Varanlegir rekstrarfjármunir

| | Húseignir | Skrifstofu-áhöld og búnaður | Bifreiðar | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| **1. janúar 2005** | | | | |
| Stofnverð | 696.230 | 284.708 | 19.322 | 1.000.260 |
| Uppsafnaðar afskriftir | (262.832) | (206.509) | (4.409) | (473.750) |
| Bókfært verð 1. janúar 2005 | 433.398 | 78.199 | 14.913 | 526.511 |
| | | | | |
| **31. desember 2005** | | | | |
